

Geirastaðir	3.150%
Geiteyjarströnd I	3.150%
Geiteyjarströnd II	2.325%
Geiteyjarströnd III	2.325%
Grímsstaðir I	3.150%
Grímsstaðir II	2.325%
Grímsstaðir III	1.913%
Grímsstaðir IV	1.913%
Haganes	4.800%
Kálfaströnd I	3.150%
Kálfaströnd II	3.150%
Nónbjarg	2.325%
Reykjahlíð I	2.325%
Reykjahlíð II	2.233%
Reykjahlíð III	2.050%
Reykjahlíð IV	1.867%
Reynihlíð	1.707%
Skútustaðir I	3.150%
Skútustaðir II	2.325%
Skútustaðir III	2.325%
Syðri-Neslönd	4.800%
Vagnbrekka	2.325%
Vindbelgur	4.800%
Víðihlíð	1.707%
Vogar I	2.050%
Vogar II	2.050%
Vogar III	2.600%
Vogar IV	2.050%
Ytri-Neslönd	3.700%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

G J A L D S K R Á

**yfir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun
landbúnaðarins annast.**

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurefnagreiningar:

Vatn	kr.	400
Vatn í votheyi (Tolueneyming)	—	1 000
Meltanleiki in vitro	—	1 000
Protein (Kjeldhal)	—	1 000

Meltanlegt prótein	—	1 700
Tréni	—	1 000
Van Soest aðferð (Cellulósi, hemicellulósi, lignin)	—	2 500
Fita (eter extract)	—	800
Vatnsleysanlegar sykrur	—	1 500
Aska	—	400
Brennisteinn	—	1 500
Kalsíum	—	800
Fosfór	—	800
Magnesium	—	800
Kalíum	—	800
Natríum	—	800
Kopar	—	1 200
Mangan	—	1 200
Zink	—	1 200
Járn	—	1 200
pH í vothegi	—	400
Sýrur + NH ₃ í vothegi	—	2 000
Heildarrannsókn á þurrhegi ¹⁾	—	2 500
Heildarrannsókn á vothegi ²⁾	—	5 000
Jarðvegsefnagreiningar:		
Fosfór (P)	—	800
Kalíum (K)	—	600
Nítrat (NO ₃)	—	600
Leiðnitala (Lt)	—	400
Sýrustig (pH)	—	400
Áætluð „kalkþörf“	—	800
1) Meltanleiki, prótein, steinefni		
2) Meltanleiki, prótein, steinefni, pH, sýrur + NH ₃		
Matvælaefnagreiningar:		
Prótein (Kjeldhal)	kr.	1 000
Nítrat	—	1 500
Nítrít	—	1 500
Fita (með soxhlet)	—	1 500
Tréni	—	1 000
Sykurefni	—	3 000
Aska	—	400
Vatn	—	400
Fitusýrugreining	—	40 000
Vatnsvirkni	—	3 000
Kalsíum	—	800
Fosfór	—	800
Magnesium	—	800
Kalíum	—	800
Natríum	—	800
Járn	—	1 500
B ₁ vítamín	—	3 500
B ₂ vítamín	—	5 000
C-vítamín	—	2 000
Plöntusjúkdómagreining:		
Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum ..	—	600
Umfangsmeyri greiningar á skaðaorsökum	—	1 200

2. gr.

Aðrar rannsóknir eru unnar í tímavinnu samkvæmt fyrirfram áætlaðri tímaþörf.

3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Guðmundur Sigþórsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð bræðranna frá Sveinagörðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. maí 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð bræðranna frá Sveinagörðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður bræðranna frá Sveinagörðum.

2. gr.

Hann er stofnaður til minningar um bræðurna Eirík Símon og Bjarna Reykjalín Jóhannessyni frá Sveinagörðum, en báðir létust þeir af slysförum í Grímsey.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Guðmundur Jónsson, Steinunn Sigurbjörnsdóttir og Hafliði Guðmundsson, öll til heimilis að Nýja-Sjálandi í Grímsey. Er höfuðmarkmið sjóðsins að stuðla að byggingu sundlaugar í Grímsey og vinna að framgangi annarra framfaramála í eyjunni eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

4. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 100 000.00 og tekjur hans eru af gjöfum, áheitum, vöxtum og fjáröflun, sem sjóðsstjórn beitir sér fyrir meðal velunnara byggðarlagsins og þeirra, sem heiðra vilja minningu bræðranna. Sjóðurinn skal ávaxtaður í ríkis-skuldabréfum eða á annan tryggan hátt. Heimilt er sjóðsstjórn að verja tekjum sjóðsins, til þeirra málefna, sem samrýmast markmiðum hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skal stjórnin tilnefnd til 4 ára í senn og skal hreppsnefnd Grímseyjarhrepps skipa 1 stjórnarmann, en stofnendur 2. Forfallist stjórnarmenn skulu sömu aðilar tilnefna stjórnarmenn í þeirra stað út starfstíma-bil stjórnarinnar. Tilnefni stofnendur ekki stjórnarmenn skal hreppsnefnd tilnefna alla stjórn sjóðsins.

Stjórnin skal halda gjörðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, tekjur, fjárveitingar og allt annað, sem sjóðnum viðkemur.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd árlega með reikningum Grímseyjarhrepps.